

**Reglur um afslátt af gatnagerðagjöldum:**

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi reglu sem mun falla undir reglur og samþykkir Vestmannaeyjabæjar:

Þegar byggt er nýtt íbúðarhúsnæði í grónu hverfi þannig að upprunaleg götummynd og húsaröð haldist er heimilt að veita allt að 70% afslátt af gatnagerðargjaldi skv. 6.gr. laga 153/2006.

Sækja skal um slíkan afslátt hjá Umhverfis- og skipulagsráði um leið og sótt er um byggingaleyfi. Við slíkt mat skal þó tryggt að allur kostnaður við framkvæmdina greiðist af húsbyggjanda.

Með þessu er leitast við að þetta byggð og vernda þá götummynd sem samþykkt hefur verið og/eða stefnt er að.

*Samþykkt í bæjarráði 10. október 2012*